

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 13.02.2023

Rafrænar beiðnabækur - FAS	2
Lóðaumsóknir - SBB	3
Verkefnastjórnunartól - USK.....	5

Verkefnaráðsfundur 13.02.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 13.02.2023
Dagsetning 13.02.2023	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Edda Jónsdóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Stefán Viðar Grétarsson, Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir, Harpa Atladóttir, Velina Apostolova	
Fjarverandi: Ásta Þöll Gylfadóttir	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 2. febrúar 2023, kl. 14:00-15:00 – 5. hæð, Kría, Borgartún 12-14.

- 14:00 – 14:05 Uppstilling
- 14:05 – 14:20 Rafrænar beiðnabækur – Ragnheiður og Stefán
- 14:20 – 14:25 Umræður
- 14:25 – 14:40 Lóða umsóknir – Harpa Atla
- 14:40 – 14:45 Umræður
- 14:45 – 14:55 Verkefnastjórnunartól f. verkefnastofu USK – Velina
- 14:55 – 15:00 Umræður
- 15:00 Fundi slitið

Rafrænar beiðnabækur - FAS

Í dag er notast við handskrifaðar beiðnir í þrítíu úr beiðnabókum fyrir tilfallandi vörukaup. Tilgangur beiðna er m.a. að færa sönnur á að handhafi beiðna hafi heimild til að taka út vörur í reikning borgarinnar og koma mikilvægum upplýsingum til bókara um hvernig á að gjaldfæra vörukaup. Sú áhætta fylgir samt sem áður handskrifuðum beiðnabókum að ekki er hægt að sannreyna hver hafi í raun og veru keypt vöruna. Við rafvæðingu beiðnabóka er slíkhætta fyrirbyggð auk þess sem allt innkaupaferlið er einfaldað, og handvirkni allt frá því að beiðni er stofnuð þangað til að bókun reiknings í fjárhagskerfi er lokið er útrýmt.

Stjórnendur og starfsfólk er með númeraðar beiðnabækur og afhenda söluaðila beiðni þegar vara er tekin út í reikning borgarinnar. Eitt afrit af beiðni á að skila sér með reikningi til borgarbókahaldsins þar sem fram koma upplýsingar um hver er ábyrgur fyrir innkaupum (undirritun sem oft er mjög erfitt að ráða fram úr) ásamt handskrifuðum upplýsingum um kostnaðarstað og eftir atvikum verkefni og verkbeiðni, sem vörukaupin eiga að gjaldfærast á.

Mjög erfiðlega hefur gengið að fá afrit af beiðnum með rafrænum reikningum. Söluaðili þarf að seinka útsendingu reikninga meðan bakvinnsla skannar handvirkt inn beiðnir. Ekkert sjálfvirkt ferli er til sem við þekkjum, sem styður þessa kröfu um að tengja handskrifaða beiðni við rafrænan sölureikning. Beiðnir á pappír virka hinsvegar ágætlega í þeim tilvikum þegar reikningur og beiðni berast saman á pappír til bókhaldsins, þar sem beiðni er skönnuð handvirkt inn ásamt reikningi.

Það er yfirlýst markmið Reykjavíkurborgar að taka aðeins við rafrænum reikningum en því fylgir mun hraðari afgreiðsla heldur en reikningum á pappír. Því ætti það að vera forgangsmál að borgin innleiði rafræna lausnir fyrir útlagðan kostnað sem styður við rafræna reikninga.

Í skoðunarferlinu var ljóst að það er margt annað en rafrænar beiðnabækur sem gætu heyrt undir þetta verkefni, eins og t.d innkaupakort. Framtíðarsýnin er því sú að öll tilfallandi innkaup fari í gegnum beiðnaþjónustu (app) í síma starfsmanns, sem eru fyrirfram samþykkt af yfirmanni og eftir innkaup skili sér á rafrænu formi beint í fjárhagskerfi borgarinnar.

Tillögur:

1. Skráðir úttektaraðilar
2. Innanhúss beiðnakerfi
3. **Allsherjar umbreyting**

Lagt er til að fara í allsherjar umbreytingu á innkaupaferlum borgarinnar, fundin lausn sem auðveldar yfirsýn, einfaldar ferla og eykur hagræði fyrir innkaup í heild sinni.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Rafrænar beiðnabækur: 5 5 1 4 5 2 = 3.40

Staðfest: 01.01.2022

Endurstaðfest: 13.02.2023

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkir verkefnatillögu um allsherjar umbreytingu og fer verkefnið til umbreytingarteymis.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð samþykkir verkefnatillögu um allsherjar umbreytingu

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Tilkynnt deildarstjóra umbreytingarteymis, fer á backlog hjá þeim.	EJ	x

Lóðaumsóknir - SBB

Aðgengi að umsókn lóða hjá Reykjavíkurborg er mjög ábótavant. Enginn leið er að vita hver staðan á umsóknum er þegar þær hafa verið sendar inn. Yfirsýn fyrir lögfræðiteymi SBB yfir lóðir til sölu, bjóðendur, hvaða tilboð kemur fyrst o.s.frv er ekki til staðar og auðvelt er að gera mistök.

Í dag eru lóðir seldar á þrjá mismunandi vegu:

1. Lóðir á almennum markaði selt til hæstbjóðanda
2. Fast verð á lóðum, fyrstur kemur fyrstur fær
3. Úthlutun á lóðum til meðal annars félagsbústaða

Umsóknir koma inn á ýmsa vegu, lóðir á almennum markaði fara í gegnum útboðsvef á meðan fastaverðs umsóknir koma í gegnum vef í tölvupósti á lodir@reykjavik.is eða á pappírformi til þjónustuvers.

Möguleikar á mannlegum mistökum eru til staðar, vöntun er á yfirsýn og mikil óþarfa handavinna starfsmanna er í gangi. Kaupendur lóða hafa litla yfirsýn eða upplýsingar um hvar þeir eru staddir í ferlinu.

Lausnin:

- Finna kerfi sem getur haldið utan um örugg gagnaskil, tilkynningar til SBB, áminningar til umsækjanda varðandi gagnaskil og greiðslufresti.
- Finna síðunni ákjósanlegan stað á vef Reykjavik.is. Helst á Mínum síðum.

Ávinningur:

- Betra utanumhald þegar kemur að vinnslu gagna með aukinni sjálfvirkni.
- Minni tími sem fer í samskipti milli starfsfólks og umsækjanda ásamt betra upplýsingaflæði.
- Tímasparnaður starfsfólks. Skapar tækifæri til hagræðingar.
- Minnkur líkur á mistökum þegar kemur að skilafresti á gögnum og greiðslu gjalda með sjálfvirkum áminningum. Getur krafist mikillar vinnu að endurkrefja lóðhafa um gjöld vegna seinkunar greiðslu.
- Mikið tap þegar ekki er ljóst fyrr en of seint að greiðsla hefur ekki borist og þarf að bjóða út aftur - þar með töpuð fasteignagjöld.
- Faglegra umhverfi fyrir umsækjanda og starfsfólk.

Tillögur:

1. **Umbreyting innanhúss**
2. Leitað út á markað
3. Breyting á ferlum

Lagt er til að fara í umbreytingu innanhúss:

- Þverfaglegt teymi greinir ferla og metur tækifæri innahúss
- Jira/Hlaðan/Útboðsvefur/Power platform/Mínar síður eru allt raunhæfir möguleikar
- Finn heildstæða lausn með því að besta ferlið með lausnum sem eru nú þegar í rekstri

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Rafrænar beiðnabækur: 5 5 1 3 5 2 = 3.33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Að verkefnið fari í stafræna umbreytingu og vörustjórnun. Verkefnið á samlegð með mörgum verkefnum. Skoða möguleika varðandi smíði og uppsetningu. Fer í hefðbundið umbreytingarferli.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Umbreyting innanhúss. Skoða möguleika varðandi smíði og uppsetningu. Fer í hefðbundið umbreytingaferli

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Tilkynnt deildarstjóra umbreytingar	EBB/EJ	X

Verkefnastjórnunartól - USK

Verkefnastofa Umhverfis- og skipulagssviðs óskar eftir aðstoð frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði við þarfagreiningu og kröfulýsingu fyrir verkefnastjórnunartól og í kjölfarið val á tóli. Mat Umhverfis- og skipulagssviðs er að það þurfi verkefnastjóra til að halda utan um verkefnið, stýra nánari þarfagreiningu og mögulegu innkaupaferli/vali á lausn ásamt innleiðingu á viðkomandi lausn. Þá þarf að meta hvort það þurfi mögulega að fá ráðgjafa að borðinu. Verkefnastjórar innan Umhverfis- og skipulagssviðs hafa ekki reynslu af sambærilegum verkefnum og þess vegna er óskað eftir aðkomu ÞON. Heppilegast væri ef lausnin sem yrði fyrir valinu fengi einnig úthlutað vörustjóra eftir innleiðingu.

Umhverfis- og skipulagssvið óskar eftir því að mótað verði verkefni með verkefnastjóra utan um verkefnið, nýtt verkefnastjórnunarkerfi sem felur í sér :

1. Útfösun á Piap (Hætt var að þróa og styðja við Piap árið 2022 – “end of life” vörunnar)
2. Forgreining á kerfislegum þörfum USK fyrir hugbúnað sem keyrir verkefnastjórnunarkerfi
3. Val/innkaup á kerfi
4. Innleiðing á kerfi

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Verkefnastjórnunartól – USK 3 4 1 1 3 1 = 2.33

Niðurstaða Verkefnaráðs:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið tekur að sér verkefnið. Fyrsta tillaga er að nýta lausn sem við eigum og það er JIRA, innleiðing þarf að eiga sér stað og fer þetta því í verkefnastjórnunarferli. Hafa þarf í huga atriði sem tengjast kostnaði, þ.e leyfisgjöld og gjaldskrá ÞON.

Ákvarðanir

Nr.	
1	Verkefnastýring á Verkefnastofu ÞON
2	Nýta lausn sem við eigum til – JIRA

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Tilkynnt teymisstjóra verkefnastýringar	EBB/EJ	X
2			

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn þann 20.02.2023